

**(1) 2 (4) 6 ára****MÁL**

Mjaðmavidd: (55) 61 (65) 68 cm  
Skálmásídd innanfótar: (27) 32 (37) 42 cm

**GARN**

Sandnes Garn Merinoull

**GARNÞÖRF**

Gráyrjött 1042: (200) 250 (300) 350 g

**TÖLUR**

4 stk

**RÁÐLÖGD PRJÓNASTÆRD**

Sokkaprjónar nr. 3 og 4.  
Hringprjónn (40–60 cm) nr. 4

**PRJÓNFESTA**

22 L sléttprjón = 10 cm á prjóna nr. 4

**2-ÚRT**

Takið 2 óprjónaðar S af í einu (eins og eigi að prj þær S saman), 1 S, steypið óprjónuðu lykkjunum yfir. Lykkjan liggur áfram í miðjunni.

Sjá teikningar á bls. 8.

Það er uppskrift að bláa sixpensaranum á bls. 46–47.

# SMEKKBUXUR

*Sniðið er innblásið af hinum sígildu smekkbuxum, en í prjónuðu útgáfunni verða buxurnar mjúkar og teygjanlegar með nægu plássi fyrir mallakútinn.*

Byrjið á skálmunum. Fitjið upp (34) 38 (40) 42 L á sokkaprjóna nr. 3. Prj (5) 5 (6) 6 cm stroffprj (1 S, 1 B). Skiptið yfir á sokkaprjóna nr. 4 og sléttprjón. Aukið út um 1 L sitt hvorum megin við fyrstu L umf í 5. hverri umferð, alls (10) 11 (12) 13 sinnum = (54) 60 (64) 68 L. Prj þar til skálmín mælist (27) 32 (37) 42 cm. Setjið prjónamerki í miðja umf. Geymið skálmína og prj aðra eins. Setjið skálmarnar saman á hringprjón nr. 4 þannig að útaukningarnar snúi hvor að annarri og merkin séu á utanverðum skálmunum. Fitjið upp 7 L á milli skálmanna (í miðju að framan og miðju að aftan). Alls (122) 134 (142) 150 L. **Prj (18) 20 (22) 24 cm sléttprjón.** Skiptið u.þ.b. við prjónamerkin þannig að það verði (61) 65 (69) 73 L á framstykki og (61) 69 (73) 77 L á bakstykki. Prj hvort stykki fyrir sig.

**Framstykki:** = (61) 65 (69) 73 L. Prj stroffprj (1 S, 1 B), fitjið upp 10 L í lok tveggja fyrstu umf = (81) 85 (89) 93 L. Á réttu á jaðarlykkjan að vera S báðum megin. Gerið hnappagat báðum megin þegar stroffið mælist 1 cm: Prj 4 L stroffprj, fellið af 2 L, prj stroff þar til 6 L eru eftir, fellið 2 L af, prj stroffprj út umf. Fitjið upp nýjar L í stað þeirra sem voru felldar af í umf á undan. Fellið af 10 L hvorum megin þegar stroffið mælist 3 cm = (61) 65 (69) 73 L. Prj sléttprjón nema ystu (8) 10 (10) 10 L hvorum megin prj þær áfram með stroffprj. Takið jafnframt úr báðum megin í næstu umf á réttu:

1. umf (réttu): (1 S, 1 B) alls (4) 5 (5) 5 sinnum, 1 Ó S, 1 S, steypið Ó yfir, prj S þar til (10) 12 (12) 12 L eru eftir, 2 S saman, (1 B, 1 S) út umf.

2. umf: (1 B, 1 S) alls (4) 5 (5) 5 sinnum, prj B þar til (8) 10 (10) 10 L eru eftir, (1 S, 1 B) út umf.